



Reglur fyrir Vinnuskóla Fjarðabyggðar

Vinnuskóli Fjarðabyggðar heyrir undir Framkvæmdasvið. Dagleg stjórn skólans er í höndum bæjarverkstjóra, yfirflokkstjóra og flokkstjóra. Vinnuskólinn sér um snyrtingu og fegrun í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Unnið er mánudaga – föstudaga, frá kl. 08:00 – 12:00.

Reglur

1. Mæta skal stundvíslega til vinnu. Pásur og kaffítímar eru samkvæmt kjarasamningum nema um annað sé samið hverju sinni svo sem vegna verkstöðu og staðsetningu.
2. Skyld er að virða skoðanir og persónur starfsmanna vinnuskólans óháð aldri og stöðu. Hafa skal að leiðarljósi að „... allir geta gert mistök ...“.
3. Starfsmenn skulu hafa með sitt eigið nesti og viðeigandi hlífðarfatnað og klæða sig samkvæmt veðri og vinnuaðstæðum.
4. Notkun tóbaks, rafretta og allra vímuefna er bönnuð á vinnutíma vinnuskólans.
5. Ganga skal af virðingu um áhöld og verkfæri vinnuskólans. Andvirði áhalda verða dregin af launum séu þau skemmd eða eyðilögð af ásetningi.
6. Forráðamanni/-mönnum ber að tilkynna forföll og frí til yfirflokkstjóra/verkstjóra.
7. Notkun farsíma og sjoppuráp er með öllu óheimilt á vinnutíma.
8. Vinna skal öll verk vel eins og framast er kostur. Mikilvægt er að hafa í huga að öll verk hafa tilgang.

Viðurlög

Yfirflokkstjóra/verkstjóra er heimilt að vísa nemanda heim úr vinnuskólanum vegna brota á reglum og eru þeir þá launalausir á meðan. Að öðrum kosti eru viðurlög og viðvaranir sem hér segir:

Notkun tóbaks og/eða vímuefna:

- Fyrsta brot, hringt heim til forráðamanns/-manna.
- Annað brot, brottvísun.

Aðrar reglur:

- Fyrsta og annað brot, áminning.
- Þriðja brot, hringt heim til forráðamanns./-manna
- Fjórða brot, brottvísun.



Annað

- I. Forföll vegna veikinda eru greidd í allt að 8 klst. á mánuði sem nemandi hefði annars átt að vera í vinnu (2 dagar eða 16 klst. miðað við fulla vinnu).
- II. Vinnuskólinn heyrir undir bæjarverkstjóra og er hann næsti yfirmaður yfirflokkstjóra og flokkstjóra.
- III. Störf vinnuskólans miðast við gildandi reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og ungmenna ásamt síðari breytingum.

Fjarðabyggð 19. október 2018


Karl Óttar Petursson
bæjarstjóri



Samþykkt í eigna- skipulags- og umhverfisnefnd 5.október 2018

Samþykkt í bæjarráði 15.október 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 18.október 2018